

Samruni Íslenskra Heilsulinda ehf. og Gufu – Laugarvatni Fontana ehf.

25. mars 2026

Kaup Íslenskra Heilsulinda ehf. á 11,59% hlutafé Gufu – Laugarvatni Fontana ehf. sem færa kaupanda meirihluta í félaginu og þar með yfirráð, fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Markaðsaðilar gerðu ekki athugasemdir við samrunann í umsagnarferli. Lauk Samkeppniseftirlitið málinu þann 19. mars 2026 án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Þann 12. febrúar 2026 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Íslenskra Heilsulinda ehf. (hér eftir „ÍH“) á 11,59% hlutafjár í Gufu – Laugarvatni Fontana ehf. (hér eftir „Fontana“) af Ferðaskrifstofu Icelandia ehf. Eignarhluti ÍH í Fontana hækkar þannig úr 44,67% í 56,26%. Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
2. Samkeppniseftirlitið upplýsti samrunaaðila um að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og hófust frestir til rannsóknar á samrunanum. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, markaðsgreiningar KPMG sem henni fylgdi og annarra fyrirliggjandi gagna. Helstu keppinautum samrunaaðila og öðrum hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að veita umsögn um samrunann. Engar athugasemdir bárust.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. ÍH á þegar 44,67% hlutafjár í Fontana en með kaupum á 11,59% til viðbótar mun eignarhluti ÍH nema samtals 56,26%. Samkeppniseftirlitið telur að í þessum kaupum felist samruni í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. ÍH er í 100% eigu Bláa Lónsins hf.
4. ÍH er fjárfestingafélag, stofnað árið 2007, í eigu Bláa Lónsins hf. ÍH hefur komið að fjárfestingum í afþreyingartengdri ferðaþjónustu víða um Ísland, einkum í uppbyggingu baðstaða. Félagið á m.a. hlut í Jarðböðunum hf. (Jarðböðin við Mývatn), Norðurböðum hf. og Rauðukömbum ehf. (Þjórárdalur), auk fyrrnefnds hlutar í Fontana. Bláa Lónið hf. rekur fjölpætta starfsemi í afþreyingar- og heilsutengdri ferðaþjónustu, þ.m.t. Bláa Lónið í Svartsengi, Kerlingarfjöll, Hrauneyjar og Hoffell. Fontana var stofnað árið 2005 og rekur baðstaðinn Laugarvatn Fontana á Laugarvatni. Heildarvelta Fontana nam um 522 milljónum króna á árinu 2024.
5. Samrunaaðilar telja að þeir markaðir þar sem áhrifa gætir séu markaður afþreyingartengdrar ferðaþjónustu á Íslandi, og mögulegri þrengri markaðir fyrir bað- og vellíðunarþjónustu á Íslandi og jafnvel á Suðvesturlandi, og markaður baðlóna á Íslandi og á Suðvesturlandi sé miðað við enn þrengri skilgreiningu. Um er að ræða láréttan samruna þar sem starfsemi samrunaaðila skarast á fyrrnefndum mörkuðum.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina viðkomandi markaði með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa lagt til, enda fjallað um samkeppnisaðstæður á víðari og þrengri skilgreindum mörkuðum í samrunaskrá og fylgigögnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er í ljósi eiginleika vöruframboðs og verðlagningar sennilega rétt að



skilgreina markað fyrir baðlón hérlandis, og mikilvægt á sviði ferðaþjónustu að taka tillit til svæðisbundinnar eftirspurnar og framboðs, þ.m.t. í afþreyingu eins og baðlónum, þar sem samrunaaðilar starfa aðallega á Reykjanesi og á Suðurlandi, það sem aðilar skilgreina sem Suðvesturland. Ekki þarf þó að taka formlega afstöðu til markaða í ljósi áhrifa samrunans þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins hvort sem miðað er við þrengri eða víðari markaðsskilgreiningar.

7. Á breiðasta markaðnum, markaði afþreyingartengdrar ferðaþjónustu á Íslandi, er áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila á bilinu 1–5% og fjöldi keppinauta mjög mikill. Á markaði bað- og vellíðunarþjónustu á Íslandi er áætluð sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á bilinu 25–30% (2024) og á markaði baðlóna á Íslandi á bilinu 40–45% (2024). Á markaði baðlóna á Suðvesturlandi er markaðshlutdeildin á bilinu 45–50% (2024). Markaðshlutdeild samrunaaðila hefur þó farið lækkandi á öllum mörkuðum sl. þrjú ár, á meðan keppinautar hafa styrkt stöðu sína. Samruninn bætir takmörkuðum markaðsstyrk við samkeppnisstöðu samstæðunnar á markaði málsins en ÍH á auk þess þegar 44,67% hlut í Fontana. Helstu keppinautar eru m.a. Sky Lagoon, Sjóböðin í Hvammsvík, Krauma, Gamla laugin (Secret Lagoon), Laugarás Lagoon, og Skógarböðin. Í áætluðum hlutdeildartölum gætir ekki áhrifa Laugarás Lagoon vegna nýlegrar opnunar og innkomu félagsins. Baðlónum á Íslandi hefur fjölgað úr 14 árið 2021 í 18 árið 2025 og gert er ráð fyrir 22 baðlónum fyrir árið 2030 samkvæmt greiningum samrunaaðila.
8. Af gögnum málsins liggur fyrir að auk umfangsmikillar starfsemi Bláa Lónsins sjálfs eigi ÍH minnihluta eignarhluti í mörgum baðlónum hérlandis. Er það til þess fallið að draga úr hvata baðlóna til þess að keppa á mörkuðum málsins. Getur slíkt eignarhald farið gegn samkeppnislögum og því komið til rannsóknar í síðari málum. Samrunamál þetta er þó ekki vettvangur til þess. Samrunaaðilar hafa sömuleiðis tekið tillit til eignatengslanna og gert grein fyrir þeim, m.a. í greiningu KPMG með samrunatilkynningu. Þá felur samruni ÍH og Fontana í sér takmarkaða aukningu markaðshlutdeildar og ÍH fer nú þegar með umtalsverðan hlut í Fontana eins og áður sagði, auk stjórnunartengsla. Möguleg neikvæð breyting á hvata samrunaaðila til samkeppni sem rakin verður til samrunans er því takmörkuð, auk þess sem hlutdeild Fontana á markaði málsins er lítil.
9. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þá hafa ný baðlón opnað undanfarin ár, þar með talið á Suðvesturhorninu, og fleiri eru fyrirhuguð víða um land. Þá gerðu umsagnaraðilar engar athugasemdir við samrunann. Vegna framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

Kaup Íslenskra Heilsulinda ehf. á 11,59% hlutafjár í Gufu – Laugarvatni Fontana ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson